



14. apríl 2025 - Reykjavík

Efni: Tillögur að flokkun tíu vindorkuverkefna

Hinn 30. janúar var birt í Samráðsgátt stjórnvalda tillögur verkefnastjórnar rammaáætlunar að flokkun tíu vindorkuverkefna (hér eftir vindorkuver), seinna umsagnarferlið um tillögur verkefnastjórnar.

SAF – Samtök ferðaþjónustunnar hafa tekið tillögurnar til umfjöllunar og vilja koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri.

Vindorka og ferðaþjónusta

Framtíðarsýn stjórnvalda er skýr þegar kemur að umhverfinu og náttúrunni: Að gætt sé að náttúruvernd við orkunýtingu, umhverfisáhrif séu lágörkuð og nýting orkuauðlinda sé sjálfbær. Samtökin taka undir þessi sjónarmið og telja mikilvægt að þau séu lögð til grundvallar þegar kemur að umfjöllun og ákvarðanatöku um vindorkuver sem og aðra orkuinnviði.

Ferðaþjónusta hér á landi byggist að miklu leyti á náttúruupplifun þeirra sem landið sækja. Íslensk ferðaþjónustufyrirtæki og stjórnvöld markaðsetja náttúru Íslands til ferðamanna og 90% þeirra erlendu ferðamanna sem koma til landsins segjast gera það vegna náttúru landsins og séreðlis hennar.¹ Samkvæmt rannsóknum sem byggja á fjölda viðtala við ferðaþjónustuaðila hér á landi þá munu vindorkuver hér á landi hafa umtalsverð áhrif á upplifun ferðamanna og íslenska ferðaþjónustu.²

Fyrir íslenska ferðaþjónustu þá eru séreinkenni íslenskrar náttúru verðmæti sem þarf að standa vörð um og hafa bein áhrif á framtíðar verðmætasköpun atvinnugreinarinnar fyrir samfélagið. Óþið landslag, berangur, víðátta og víðerni þarf að vernda því það er eitt af helstu séreinkennum íslenskrar náttúru sem ferðafólk sækir þegar það kemur til landsins. Náttúruvernd og ferðaþjónusta haldast í hendur. Þess vegna er mjög mikilvægt að stjórnvöld marki sér stefnu hvað varðar

¹ Anna Dóra Sæþórsdóttir, Margrét Wendt og Edita Tverjónaite. Wealth of Wind and Visitors: Tourist Industry Attitudes towards Wind Energy Development in Iceland. Júní 2021.

<https://www.mdpi.com/2073-445X/10/7/693/htm>

² Sama heimild.

staðsetningu vindorkuvera og mikilvægt að vandað sé til verka við val þeirra staða þar sem ætlað er að vindorkuver muni rísa.

Rannsóknir sýna að ferðafólk er viðkvæmara fyrir staðsetningu vindorkuvera nálægt náttúruverndarsvæðum heldur en t.d. iðnaðarsvæðum, landbúnaðarsvæðum eða nálægt bæjarfélögum. Öll óæskileg sjónmengun hefur áhrif á upplifun ferðamanna af landinu og því verður að velja landssvæði undir vindorku af kostgæfni og með nýtingu ferðaþjónustu í huga. Sérstaklega þarf að huga að staðsetningu ef staðsetning er fyrirhuguð nærri vel þekktum ferðamannastöðum eða augljós sjónræn áhrif verða á ferðamannaleiðum.

Í skýrslu sem unnin var fyrir danska umhverfissráðuneytið um áhrif vindorkuvera á landslag út frá sjónmengun kemur m.a. fram að mikilvægt sé að horfa vandlega til staðsetningar á vindorkuverum þar sem vindmyllur eru gríðarlega ráðandi í landslaginu og upplifun af slíkum svæðum breytist hratt úr náttúruupplifun í upplifun af iðnaðarsvæði. Þannig geta vindmyllur til dæmis haft mjög neikvæð áhrif ef þær eru staðsettar við þjóðgarða eða minjar sem standa hátt í landslaginu.³

Það að setja t.d. vindorkuver niður í óspillta náttúru hefur þau áhrif að svæðið verður ekki lengur óspillt heldur verður svæðið virt sem iðnaðarsvæði. Ef reisa á vindorkuver hér á landi á undir öllum kringumstæðum að reyna að vera utan svæða náttúruverndar, menningarminja og vel þekktra áfangastaða ferðamanna til að koma í veg fyrir neikvæða upplifun.

Sýn Samtaka ferðaþjónustunnar þegar kemur að vindorku hefur verið að fara verði varlega í uppbyggingu vindorkuvera. Horfa á til þess að byggja stærri en færri vindorkuver og staðsetja þau á þegar röskuðum svæðum t.d. á iðnaðarsvæðum og í nálægð við orkufrekan iðnað.

Mikilvægt er að setja upp bæði belti og axlarbönd á byrjunarstigum uppbyggingar og slaka frekar á kröfum ef reynsla reynist jákvæð. Fljótfærni og mistök við ákvarðanatöku um byggingu vindorkuvera þar sem ekki er horft til heildarhagsmuna og sem leiða til röskunar á óröskuðum svæðum og spillingu náttúruheilda geta haft afdrifaríkar afleiðingar á íslenska ferðaþjónustu og þar með á atvinnuuppbyggingu, byggðaðróun og efnahag

Tíu vindorkuverkefni

Við umfjöllun samtakanna á fyrirhugaðri orkuframleiðslu er reynt að leggja mat á þætti eins og sjónmengun, nálægð við ferðamannastaði og möguleg áhrif á framtíðar uppbyggingarmöguleika í ferðaþjónustu. Til að átta sig betur á umfangi hvers verkefnis þarf að átta sig á stærð hvers verkefnis. Samtökin hafa tekið saman helstu

³ https://planinfo.dk/Media/637916647900171445/store-vindmoeller-i-det-aabne-land-978-87-7279-751-9_0.pdf

stærðartölur byggð á áætluðum fjölda vindmylla og áætluðu heildar uppsettu afli hvers verkefnis.⁴

Þessar tölur ásamt ýmsum kortagögnum á heimasíðu Rammaáætlunar auk staðsetningar, fjölda vindmylla, heildarhæð hverrar myllu og áætlaðs rasks gefur ágætlega í skyn hversu mikil áhrif hvert fyrirhugað verkefni geti haft og leggur grunn að afstöðu samtakanna til hvers verkefnis:

Alviðra

Verkefnið er mjög sýnilegt á stóru svæði. Á svæðinu eru vinsælir ferðamannastaðir t.d. Grábrók, Paradísarlaut og Glanni auk þess sem fyrirhugað verkefni sést víða frá einni vinsælustu laxveiðiá landsins. Svæðið hefur að mati samtakanna töluvert mikla möguleika í þróun ferðaþjónustu til framtíðar. Samtökin leggja því til að virkjunarkosturinn verði settur í verndarflokk.

Garpsdalur

Fyrirhugað vindorkuver stendur í um 500m hæð. Þess ofan má reikna með því að hver vindmylla sé í kringum 200m há og er verkefnið því sýnilegt víðsvegar á stóru svæði. Samtökin hvetja til þess að horft verði til þess að hafa verkefnið eins lágreist og mögulegt er til að draga úr mögulegri sjónmengum. Samtökin gera ekki athugasemd við flokkun faghópa á virkjunarkosti í biðflokk.

Hnotasteinn

Virkjunarkosturinn stendur á heiði og er sýnilegur til norðurs og vesturs. Suðvestan við virkjunarkostinn hefur Markaðsstofa norðurlands unnið að uppbyggingu ferðamannaleiðar undir nafninu Demantshringurinn. Auk þess liggur Norðurstrandarleið vestan, norðan og austan við fyrirhugaðan virkjunarkost. Búið er að fjárfesta töluvert í uppbyggingu á svæðinu og er horft til þess að svæðið hafi mikil tækifæri þegar kemur að þróun ferðaþjónustu. Það má áætla að fyrirhugaðar vindmyllur á svæðinu verði háar eða um 210 metra í hæsta punkti. Samtökin hvetja til þess að horft verði til þess að hafa verkefnið eins lágreist og mögulegt er til að draga úr mögulegri sjónmengum. Samtökin gera ekki athugasemd við flokkun faghópa á virkjunarkosti í biðflokk.

Hrútavirkjun

Verkefnakostirnir Hrútavirkjun og Sólheimar liggja á svipuðu svæði. Báðir kostirnir eru sýnilegir á stórum svæðum en á svæðunum er ferðaþjónusta ekki eins öflug og á svæðunum í kring. Hafa verður þó í huga að töluverð tækifæri eru á svæðinu og er verið að skoða ýmsa fjárfestingu á svæðinu sem getur laðað að ferðamenn á svæðið. Samtökin gera ekki athugasemd við flokkun faghópa á virkjunarkostunum í biðflokk.

⁴ Sjá viðauka I

Hrútmúlavirkjun

Staðsetning fyrirhugaðs verkefnis er í um 450 metra hæð og mun vera sýnilegt af stóru svæði í uppsveitum Árnessýslu auk þess að verkefnið verður sýnilegt frá hluta suðurstrandar. Neikvæð áhrif á ferðaþjónustu og möguleg ferðaþjónustutengd verkefni eru því töluverð. Horfa þarf til þess að draga úr sjónmengun eins og hægt er en það þarfnast töluverðra breytinga á núverandi áætlun. Samtökin leggja til að verkefnið verði sett í verndarflokk.

Mosfellsheiðavirkjun I

Tveir virkjunarkostir eru til umfjöllunar á Mosfellsheiði, annars vegar innan Grímsnes- og Grafningshrepps og hins vegar innan landamarka sveitafélagsins Ölfus. Báðir virkjunarkostir falla undir sýn samtakanna um uppbyggingu fjær hálendi og nær þegar röskuðum svæðum. Engu að síður hafa samtökin áhyggjur af áhrifum á upplifun ferðamanna sem heimsækja Þingvallabjórðgarð og Gullna hringinn, sér í lagi hafandi í huga að Gullni hringurinn er ein af okkar þekktustu vörum. Munu vindmyllurnar verða töluvert sýnilegar í austurhluta Þingvallabjórðgarðs en óljóst er hversu sýnilegar þær verða við Hakið og Almannagjá sem eru vinsælustu hlutar þjóðgarðsins. Út frá mögulegum neikvæðum áhrifum á upplifun ferðamanna og áhrifum á Þingvallabjórðgarð leggja samtökin til að verkefnið verði sett í biðflokk og staðsetning þeirra endurskoðuð með það að leiðarljósi að draga úr sýnileika.

Mosfellsheiðavirkjun II

Sjá umfjöllun um Mosfellsheiðavirkjun I.

Reykjanesgarður

Reykjanesgarður liggur á þegar röskuðu svæði sem meðal annars inniheldur aðrar virkjanir, flugvöll og þéttbýli. Virkjunarkosturinn fellur því vel þau viðmið samtakanna að horfa til uppbyggingar vindorku á röskuðum svæðum í nálægð við orkufrekan iðnað. Samtökin gera ekki athugasemd við flokkun faghópa á virkjunarkostinum í biðflokk.

Sólheimar

Sjá umfjöllun um Hrútavirkjun.

Vindheimavirkjun

Samkvæmt umfjöllun faghópa hefur virkjunaraðili lagt áformin á hilluna. Því fjalla samtökin ekki um þennan virkjunarkost.

Lokaorð

Það er hagur allra landsmanna að vernda þá auðlind landsins sem felst í óspilltri náttúru og að nýting lands sé með skynsamlegum og sjálfbærum hætti. SAF telja að nýting landsins í þágu ferðaþjónustu sé ein arðbærasta og sjálfbærasta nýting landsins fyrir samfélagið til framtíðar. Hin óspillta náttúra Íslands á sér fár fyrirmyndir í Evrópu. Því felst mikið tækifæri til þróunar samkeppnisforskots íslenskrar ferðaþjónustu með áherslu á vernd og nýtingu landsins sem ferðaþjónustuauðlindar. Þetta verður að hafa í huga við alla áætlunargerð vindorkukosta á Íslandi.

Samtökin áskilja sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllt,

f.h. SAF – Samtaka ferðaþjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason

Framkvæmdarstjóri



Viðauki I:

Vindorkukostur	Áætluð framleiðsla (GWh/ári)	Áætlaður fjöldi vindmylla	Áætluð stærð vindmyllu (MW)	Áætluð hæð myllu (m.)	Áætluð lengd spað (m.)	Áætluð heildar hæð (Mylla og spaði)	Heildar uppsett afl (MW)
Alviðra	343	14	7	130	80	210	98 MW
Garpsdalur	308	21	4,2 MW	110	70	180	88 MW
Hnotasteinn	771	30	7,3	130	80	210	220 MW
Hrútavirkjun	263	15	5	110	70	180	75 MW
Hrútmúli	554	22	7,2	130	80	210	158 MW
Mosfellsheiði I	263	15	5	110	70	180	75 MW
Mosfellsheiði II	263	15	5	110	70	180	75 MW
Reykjanesvirkjun	400	25	4	90	60	150	100 MW
Sólheimar	733	29	7,2	130	80	210	209 MW